



Örlítið um stöðu nautanna í október 2018

Fyrir skömmu var keyrt nýtt kynbótamat fyrir afurðir og frumutölu í nautgriparæktinni en með notkun mælidagalíkans bætist mun örar við afurðaupplýsingar dætra nautanna en áður þegar notast var við mjaltaskeiðslíkan. Fagráð í nautgriparækt fundaði í kjölfarið og tók ákvörðun um hvaða naut verða í dreifingu sem reynd naut á komandi mánuðum.

Að þessu sinni var hægt að taka afstöðu til nánast allra nauta sem fædd voru árið 2013. Þannig hefur mælidagalíkanið flýtt afkvæmadómi nautanna um nánast eitt ár og munar um minna með tilliti til erfðaframtara. Fagráð ákvað að eftirtalin naut yrðu áfram í notkun: Fossdal 10040, Stólpi 11011, Skalli 11023, Bakkus 12001, Pipar 12007, Loki 12071, Sjarmi 12090, Dúett 12097, Polki 12099, Jörfi 13011, Víkingur 13017 og Hálfmáni 13022.

Ákveðið var að setja fimm naut í dreifingu að lokinni afkvæmaprófun og eru þau öll fædd 2013. Þetta eru; Kakali 13009, Bárður 13027, Ýmir 13051, Steri 13057 og Lurkur 13084.

Þau reyndu naut sem áfram eru í notkun hafa öll orðið traustan og sterkan dóm og hafa til að bera kosti sem geta nýst ræktunarstarfinu vel. Hér á eftir fer örstutt lýsing á helstu kostum þeirra og göllum en nánari upplýsingar um nautin er að finna í nautaskrám og á nautaskra.net.

Fossdal 10040 frá Merkigil í Eyjafirði (f. Glæðir 02001, mf. Hamar 94009) er búinn að vera í dreifingu um nokkurt skeið en þetta er naut sem gefur miklar og skapgóðar mjólkurkúr með frábæra júgurgerð og mjög vel setta spena. Hins vegar er fituhlutfall í mjólk dætra hans fremur lágt og mjaltir þeirra undir meðallagi. Heildareinkunn 106.

Stólpi 10011 frá Litla-Ármóti í Flóa (f. Lykill 02003, mf. Stíll 04041) verður áfram til notkunar en hann hefur haldið sinni sterku stöðu. Dætur hans eru mjólkurlagnar og júgurhraustar en fituhlutfall í mjólk er fremur lágt og mjaltir í tæpu meðallagi. Heildareinkunn 107.

Skalli 11023 frá Steinnýjarstöðum á Skaga (f. Gyllir 03007, mf. Fontur 98027) státar áfram af góðu mati en dætur hans eru mjög mjólkurlagnar með góða júgurgerð og úrvalsgott skap. Efnahlutföll í mjólk eru hins vegar neðan meðallag. Heildareinkunn 106.

Bakkus 12001 frá Auðsholti í Hrunamannahreppi (f. Ófeigur 02016, mf. Frami 05034) er með eitt hæsta mat nauta í landinu öllu. Dætur hans eru stórar afurðakúr með góðar mjaltir og frábært skap (með alhæstu nautum) en spenar eru grannir og gleitt settir. Heildareinkunn 113.

Pipar 12007 frá Espihóli í Eyjafirði (f. Gyllir 03007, mf. Flói 02029) er efnahlutfallanaut þar sem dætur hans eru góðar afurðakúr með sérlega há efnahlutföll í mjólk. Þær státa af góðri byggingu, sterkri júgurgerð, vel settum spenum og góðum mjaltaeiginleikum. Heildareinkunn 108.

Loki 12071 frá Bakka á Kjalarnesi (Birtingur 05043, mf. Pröstur 00037) hefur styrkt sína stöðu. Dætur hans eru mjólkurlagnar með ákaflega góða júgur- og

spenagerð og góðar mjaltir sem skipar honum meðal hæstu nauta í mati.
Heildareinkunn 110.

Sjarmi 12090 frá Hrepphólum í Hrunmannahreppi (f. Koli 06003, mf. Laski 00010) heldur sinni gríðarsterku stöðu og kemur næstur Bamba 08049 í röð hæstu nauta í mati. Dætur Sjarma eru gríðarmiklar og skapgóðar mjólkurkúr með úrvalsgóða júgurgerð og góðar mjaltir. Heildareinkunn 114.

Dúett 12097 frá Egilsstaðakoti í Flóa (f. Birtingur 05043, mf. Dúllari 07024) er einkum afurðanaut þar sem dætur hans eru mjólkurlagnar með há efnahlutföll í mjólk og góðar mjaltir. Byggingareiginleikar þeirra eru um meðallag án þess að um áberandi galla sé að ræða. Heildareinkunn 108.

Polki 12099 frá Brúnastöðum í Flóa (f. Koli 06003, mf. Spotti 01028) bætir fyrst og fremst júgur- og spenagerð en dætur hans skarta af frábærri júgurgerð og einstaklega vel settum spenum sem eru í nettari kantinum. Polki er með hæstu nautum hvað júgur- og spenagerð snertir. Heildareinkunn 105.

Jörfi 13011 frá Jörfa í Borgarbyggð (f. Birtingur 05043, mf. Skurður 02012) er gott alhliða naut en dætur hans eru gallalitlar en aftur á móti með frábæra júgur- og spenagerð sem auk þess eru ákaflega vel settir. Jörfi er meðal alhæstu nauta í mati fyrir júgur. Heildareinkunn 107.

Víkingur 13017 frá Syðri-Knarartungu í Breiðuvík (f. Birtingur 05043, mf. Ingjaldur 04011) bætir sína stöðu en dætur eru gríðarlega mjólkurlagnar og skapgóðar. Byggingareiginleikar eru hins vegar nærri meðallagi og til galla verður að telja fremur langa spena og lágt fituhlutfall í mjólk. Heildareinkunn 111.

Hálfmáni 13022 frá Brjánsstöðum í Grímsnesi (f. Vindill 05028, mf. Laski 00010) er afurðanaut umfram allt annað en dætur hans eru gríðarmiklar mjólkurkúr með há verðefni í mjólk. Hálfmáni er með næsthæsta mat allra nauta fyrir fitu% nú. Mjaltir og skap eru hvoru tveggja gott en bygging er nærri meðallagi án áberandi kosta eða galla. Heildareinkunn 110.

Í hóp reyndra nauta í dreifingu koma nú fimm ný naut, öll fædd árið 2013 eins og áður sagði. Þessi naut eru:

Kakali 13009 frá Engihlíð í Vopnafirði (f. Birtingur 05043, mf. Skurður 02012) sem gefur miklar mjólkurkúr með góð efnahlutföll í mjólk og mikla júgurhreysti. Þetta naut sækir mikinn styrk, eins og aðrir synir Birtings, í góða júgur- og spenagerð en mjaltir og skap eru í meðallagi þó lítið sé um galla í mjóltum. Heildareinkunn 107.

Bárður 13027 frá Villingadal í Eyjafirði (f. Baldi 06010, mf. Laski 00010). Hér er á ferðinni alhliða naut sem gefur mjólkurlagnar kúr með há efnahlutföll í mjólk, góða júgur- og spenagerð og frábært skap þar sem ekki hefur verið merkt við skapgalla hjá neinni kú í mjaltaathugun. Heildareinkunn 107.

Ýmir 13051 frá Klauf í Eyjafirði (f. Baldi 06010, mf. Laski 00010) er alhliða naut þar sem dætur hans eru mjólkurlagnar og júgurhraustar auk þess að skarta frábærri júgur- og spenagerð ásamt úrvalsgóðum mjóltum og skapi. Ýmir er með alhæstu nautum hvað júgurhreysti, júgurgerð og skap varðar. Til galla verður að telja lágt próteinhlutfall í mjólk. Heildareinkunn 108.

Steri 13057 frá Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum (f. Koli 06003, mf. Aðall 02039). Steri kemur inn sem eitt af hæstu nautum í mati enda dætur hans með afbrigðum mjólkurlagnar og raunar er Steri hæsta naut landsins hvað þann eiginleika varðar. Hlutföll verðefna í mjólk eru há. Hvað aðra eiginleika snertir er Steri meðalnaut og t.d. eru mjaltir undir meðallagi og júgur mættu vera betur borin. Heildareinkunn 113.

Lurkur 13084 frá Torfum í Eyjafirði (f. Kambur 06022, Ófeigur 02016) er alhliða

naut þar sem dætur hans hafa til að bera mjólkurlagni með góðum hlutföllum verðefna, góða júgurgerð og góðar mjaltir og skap. Heildareinkunn 106.

Við val þessara nauta hefur verið reynt að horfa til fjölbreytni í ætterni svo sem kostur er enda eru þessi 17 naut synir níu nauksfeðra. Upplýsingar um þessi fimm naut eiga að vera komnar til bænda á prentuðum spjöldum.

Nauksfeður til notkunar næstu mánuði verða þeir Bakkus 12001, Sjarmi 12090, Hálfmáni 13022 og Steri 13057. Menn eru beðnir að huga sérstaklega að júgurgerð væntanlegra nauksmæðra ef nota á Stera en með það skal ekki leynt fara að dætur hans mættu gjarna skarta betur bornum júgrum.

Þessar vikurnar er verið að kaupa nautkálfa undan nokkrum nautum. Þar hefur einkum verið um að ræða syni Lúðurs 10067 en einnig hafa boðist kálfar undan Strák 10011, Skalla 11023 og Skelli 11054. Þeir þrír eru hins vegar mun lægri í mati nú en þegar þeir voru í hópi nauksfeðra og því ljóst að undan þeim verður aldrei keyptur mikill fjöldi. Þá er þess beðið að synir Bakkusar og Sjarma fari að líta dagsins ljós og í fyllingu tímans munu synir Hálfmána og Stera bætast í þann hóp er sóttir verða til bænda til notkunar í kynbótastarfi íslenska kúastofnsins.

Hæstu naut

Sem fyrr trónir Bambi 08049 á toppnum með hæstu eildareinkunn allra nauta eða 116. Næstur kemur Sjarmi 12090 með 114 og svo þeir Bakkus 12001 og Steri 13057 með 113. Af þeim matadöllum sem horfnir eru úr notkun stendur Úlli 10089 í 112, Dropi 10077 er með 111 ásamt Birtingi 05043. Úranus 10081 hefur aðeins dalað og er með 110, Lúður 10067 hefur haldið sínu með 110 og Gýmir 11007 hefur bætt í og er einnig með 110. Koli 06003 stendur enn fyrir sínu með 110 og skammt undan eru Baldi 06010, Sandur 07014 og Aðall 02039 með 109. Bolti 09021 er með 108 sem og Klettur 08030. Athyglisvert er að Salómon 04009 hefur styrkt sína stöðu og stendur nú í 108. Til fróðleiks þá hafa hinir miklu ættfeður Laski 00010 og Stígur 97010 nú 104 og 103 í einkunn.

Ef litið er heilt yfir kynbótamatið má sjá hve framfari í júgur- og spenagerð hafa orðið miklar á undanförunum árum. Nú stendur mönnum til boða hópur nauta sem gefa öfluga og góða júgurgerð og slök spenagerð er að verða fátíð. Helsti gallinn eru gleitt settir framspenar en þó eru mörg góð naut í boði sem geta lagað eða bætt spenastöðu. Þá er greinilegt að mjaltir fara batnandi og áhrif þess að mjaltadómur byggir nú að verulega leyti á beinum mælingum að koma fram. Án efa munum við sækja hratt fram hvað mjaltir snertir á komandi árum. Tilkoma mældagálkans bæði flýtir og styrkir kynbótamatið og eykur þannig á efðaframfarir. Nú er staðan að verða sú að útlitsdómur og afurðamat haldast nokkuð í hendur, þ.e. afurðamat kúnna liggur fyrir á svipuðum tíma og nægur fjöldi dætra hefur verið útlitsdæmdur. Áhyggjuefni er hins vegar að skil á mjaltaathugun hafa dalað. Ég bið menn að huga að því og fylla mjaltaathugun samviskusamlega út og skila. Þarna sækjum við verulega mikilvægar upplýsingar sem standa undir stórum hluta einkunnar fyrir mjaltir og einkunn fyrir gæðaröð. Það er einkunn sem margir horfa til og án mats eða röðunar á dætrum nautanna verður hún markleysa ein.

Reynd naut Nautastöðvar BÍ sem fyrirhugað er að nota sæði úr haustið 2018

Nafn og nr.	Mjólk	Fitu%	Prót%	Afurðir	Frjósemi	Frumutala	Gæðaröð	Skrokkur	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skap	Ending	Kynbótaeink.	Hæð dætra
Fossdal 10040	109	84	96	107	95	116	92	98	117	98	89	102	116	106	5,8
Stólpi 11011	116	82	92	110	105	115	90	94	98	105	90	105	114	107	5,6
Skalli 11023	114	87	95	109	90	104	100	107	105	104	101	114	104	106	5,3
Bakkus 12001	114	97	108	121	110	90	115	105	101	97	115	127	111	113	5,4
Pípar 12007	105	121	112	112	97	104	99	106	113	110	112	96	98	108	5,4
Loki 12071	111	99	109	116	105	86	96	104	117	104	112	94	113	110	5,5
Sjarmi 12090	125	90	100	120	89	114	113	105	112	124	109	112	100	114	5,4
Dúett 12097	115	115	121	115	100	94	101	99	102	103	109	97	111	108	5,9
Polki 12099	102	106	110	104	90	104	107	103	124	123	98	95	109	105	5,6
Kakali 13009	119	109	101	109	95	121	109	101	113	105	101	90	112	107	5,6
Jörfi 13011	112	111	109	107	97	102	98	108	128	109	103	104	100	107	5,8
Víkingur 13017	133	87	104	120	106	103	104	105	106	91	97	109	114	111	5,9
Hálfmáni 13022	128	124	109	119	91	97	113	99	101	110	107	113	99	110	5,8
Bárður 13027	113	114	107	106	90	100	112	101	122	107	105	127	108	107	5,8
Ýmir 13051	122	100	84	101	94	127	121	104	127	110	115	121	100	108	5,8
Steri 13057	135	115	109	126	100	102	94	107	103	113	89	106	100	113	5,8
Lurkur 13084	112	106	106	108	108	93	118	102	114	98	110	112	100	106	5,8